

ISBN númer

Hvað er ISBN númer?

ISBN númer (International Standard Book Number) er alþjóðlegt auðkennisnúmer fyrir bækur og bókatengda útgáfu. ISBN er staðall frá alþjóðlegu staðlastofnuninni ISO (International Standards Organisation): ISO 2108. Hvert númer er einstakt og er megintilgangur þess að auðkenna hvert rit og greina sem best frá öðrum. Hægt er að gera ISBN númer læsileg á vélrænan hátt í formi strikamerkis með því að umskrifa það í vörunúmer samkvæmt EAN-13 staðli.

Notkun á ISBN númerum er stjórnað af alþjóðlegri stofnun í London, International ISBN Agency <https://www.isbn-international.org/>. Uppruna kerfisins má rekja til Bretlands þar sem tekið var upp staðalmerkjakerfi fyrir bækur (SBN) árið 1967. Kerfið náði fljótlega alþjóðlegri útbreiðslu og var fyrsti alþjóðlegi ISBN staðallinn gefinn út árið 1970. Ríkisbókasafnið í Berlín, Staatsbibliothek Preussischer Kulturbesitz, tók að sér rekstur bóknúmerakerfisins og annaðist hann fyrstu 30 árin, eða þar til í apríl 2006 þegar Bretar tóku við rekstri þess.

ISBN á Íslandi

ISBN númerakerfið var innleitt á Íslandi árið 1990 og hafa íslenskir bókaútgefendur látið prenta ISBN númer á bækur sínar frá því í mars 1990. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur umsjón með rekstri bóknúmerakerfisins á Íslandi og ber ábyrgð á kynningu þess og útbreiðslu hérlendis. Úthlutun ISBN númera er veitt útgefendum að kostnaðarlausu. Útgefendur fá úthlutað númeraröðum eða einstökum bóknúmerum ef þeir gefa út fáa titla eða einungis eina bók. Fylgst er með því að bóknúmer séu rétt prentuð á bækur og röng númer leiðrétt. Gerð er skrá yfir íslenska útgefendur sem er hluti af alþjóðlegri skrá, *Global Register of Publishers* <https://grp.isbn-international.org/>.

Notkun ISBN númera

Samkvæmt reglum um bóknúmer er útgefandi hver einstaklingur, fyrirtæki, félag, hópur eða stofnun sem gefur út bók. Þegar útgefandi fær úthlutað númeraröð fær hann jafnframt útgefendatölu sem tilgreinir hann.

ISBN númer á að setja á:

- prentaðar bækur og bæklinga
- rit á blindralettri
- hljóðbækur
- verk með blandaðri tækni
- rit á tölvutæku/rafrænu formi
- landakort
- stök bindi ritraða, greinar eða stök tímaritshefti sem gefin eru út sem sérstök rit

ISBN númer á ekki að setja á:

- blöð og tímarit
- dægurprent, s.s. dagbækur, dagatöl, auglýsingaefni, póstkort, litabækur, fundargögn
- nótnabækur og aðra tónlistarútgáfu
- eftirprentanir listaverka, án titilsíðu og texta
- hljóðrit og geisladiska með tónlist

Við notkun á ISBN númerum skal miðað við að aðalatriði verksins sé texti (óháð útgáfuformi) og að útgáfan sé almennt aðgengileg (þ.e. ekki í litlu upplagi, dreift innan afmarkaðs hóps, eða á lokuðum vef).

Blöð og tímarit eru undanþegin ISBN númeri vegna þess að á þau skal setja ISSN númer, alþjóðlegt tímaritsnúmer (International Standard Serial Number). Nótnabækur fá ISMN númer, alþjóðlegt númer fyrir nótnaútgáfu (International Standard Music Number). Landsbókasafn Íslands sér einnig um úthlutun þessara númera.

Gerð og samsetning ISBN númersins

ISBN númerið var upphaflega 10 stafa númer, skipt í fjóra mislanga þætti án forskeytis. Með breytingum sem gerðar voru á kerfinu árið 2007 var ISBN númerið lengt úr tíu stafa tölu í 13 stafa tölu. Með þrettán stafa númerinu var innleitt forskeyti sem lengir númerið um einn þátt eða þrjá tölustafi og skiptir númerinu í fimm mislanga þætti. Hægt er að umreikna 10 stafa númer í 13 stafa með því að bæta forskeytinu 978 fyrir framan og við það reiknast út ný endatala eða vartala.

Þættir ISBN númersins eru: forskeyti, hóptala (landstala), útgefandatala, titiltala og vartala.

Dæmi:

ISBN 9979-2-1974-2

ISBN 978-9979-2-1974-3

ISBN-10

Hóptala	Tala útgefanda	Titiltala	Vartala
9979	2	1974	2

ISBN-13

Forskeyti	Hóptala	Tala útgefanda	Titiltala	Vartala
978-	9979-	2-	1974-	3

Forskeyti:

Forskeytið er þriggja stafa tala. Talan 978 er forskeyti ISBN númersins og er sama talan og notuð er til að reikna út strikamerkistöluna (EAN-13). Eftir númerabreytinguna 2007 varð ISBN númerið samhljóða strikamerkistölunni.

Hóptala:

Hóptala getur átt við þjóð, landsvæði, málsvæði eða hóp. Stærð tölunnar fer eftir áætlaðri útgáfu hópsins. Dæmi um hóptölur eru Bandaríkin, Kanada, Ástralía, Nýja Sjáland, Suður Afríka og Bretland er öll hafa töluna 0 og 1, Noregur 82, Danmörk 87, Svíþjóð 91, Finnland 951 og 952 og Ísland 9979 og 9935.

Tala útgefanda:

Tala útgefanda getur verið eins til fjögurra stafa. Lengd tölunnar fer eftir fjölda útgefina titla. Því meiri útgáfa því lægri er tala útgefanda. Númeraraðir sem innihalda 10 ISBN númer hafa fjögurra stafa útgefendatölu. Númeraraðir sem innihalda 100 ISBN númer hafa þriggja stafa útgefendatölu o.s.frv.

Titiltala:

Titiltala einkennir ákveðinn titil, þ.e.a.s. ákveðið bindi eða útgáfu titils. Kilju- og harðspjalda útgáfur sama titils hafa ólík ISBN númer.

Vartala:

Vartala er síðasti tölustafur í hverju ISBN númeri. Hún er reiknuð út á grundvelli hinna talnanna og ákvarðar hvort ISBN númerið er rétt. Þegar vartala á að vera 10 er X notað í staðinn. Dæmi: 978-9979-70-148-X.

Framkvæmd ISBN hér á landi

Íslenskir bókaútgefendur geta fengið ISBN númer með því að sækja um númeraröð eða einstök númer hjá Landsbókasafni. Þetta verður að gera með góðum fyrirvara og nógu snemma til að hægt sé að láta prenta númerið á bækurnar. Útgefandi er ábyrgur fyrir ráðstöfun númera sinna. Hægt er að nálgast handbók um notkun ISBN númera, *ISBN Users' Manual*, á vefslóðinni <https://www.isbn-international.org/content/isbn-users-manual>.

Prentun ISBN númera

Alltaf skal prenta ISBN númer á bakhlið titilsíðu en einnig er æskilegt að prenta það neðst á bakspjald bókar og á sama stað á lausa kápu. Númerið er prentað þannig að fyrst koma bókstafirnir ISBN og síðan tölurnar, hver þáttur aðskilinn með striki frá hinum næsta. Dæmi: ISBN 978-9935-34-012-5. Prentsmiðjan umbreytir ISBN númerinu í strikamerki. Strikamerkið er neðst á bakhlið bókar og ávallt skal prenta ISBN númerið með bandstrikunum ofan við strikamerkið en strikamerkistölna án bandstrika fyrir neðan.



Úthlutun ISBN númera

Bóknúmer eiga að fá:

- Hver titill sem gefinn er út í fyrsta skipti, þ.e.a.s. 1. útgáfa.
- Hver titill sem gefinn er út í margskonar búnaði, t.d. í bandi, kilju eða á rafrænu formi, með eða án fylgiefnis; hver búnaður og hvert skráarform fær þá mismunandi bóknúmer.

- Hver safntitill fjölbindaverks og þá er jafnframt úthlutað bóknúmeri fyrir hvert bindi.
- Hver ný útgáfa.

Það telst ný útgáfa ef breyting verður á bandi eða búnaði, útliti texta, myndum, þýðingu eða skýringum. Nýr litur á kápu eða leiðrétting á prentvillum telst ekki vera breyting á útgáfu. Ef bókin er endurprentuð án breytinga þarf ekki nýtt ISBN númer.

Ný útgáfa gefin út af öðrum útgefanda en þeim sem áður gaf bókina út. T.d.: *Á Íslendingaslóðum í Kaupmannahöfn*, útgefandi Mál og menning (ISBN 9979-3-0074-4). Sama bók útgefin hjá Almenna bókafélaginu (ISBN 9979-4-0021-8).

Sé bók hluti af ritröð sem einnig hefur sérstakan ritraðartitil má jafnframt nota ISSN númer fyrir ritröðina.

Upplýsingar um ISBN númer gefur:

Helga Kristín Gunnarsdóttir, sími: 525 5755
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn
Aðfanga- og skráningarsvið
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík
Netfang isbn@landsbokasafn.is

Uppfært 19. febrúar 2025